



Alþingi
Erindi nr. P 139/77
komudagur 2.11.2010

MANNRÉTTINDASKRIFTTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2010

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um þingsályktunartillögu um rannsókn á íbúðalánasjóði, 139. löggjafarþing 2010 - 2011, þingskjal 22 – 22. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga þar sem lagt er til sjálfstæð og óháð rannsókn fari fram á starfsemi Íbúðalánasjóðs frá aðdraganda breytinganna á fjármögnun og lánareglum sjóðsins sem hrint var í framkvæmd á árinu 2004. Einnig að í kjölfarið fari fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Mannréttindaskrifstofan gerir ekki sérstakar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri.



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/241
komudagur 15.11.2010

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík	15. nóvember 2010	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis allsherjarnefndar, dags. 28. okt. sl., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á Íbúðalánasjóði, 22. mál.

Með hliðsjón af lögbundinni stöðu sinni tekur Ríkisendurskoðun fram að hún telur ekki eðlilegt að taka afstöðu til ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Stjórn

Tomur Guð.



Alþingi
Erindi nr. P 139/75
komudagur 1. 11. 2010

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 1. nóvember 2010

Tilvísun: 2010100211

50.03


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Tillaga til þingsályktunar um rannsókn á Íbúðalánasjóði

Við er til tölvupósts nefndasviðs Alþingis til ríkislögreglustjóra 28. október sl. þar sem leitað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á Íbúðalánasjóði, 22. mál. Af hálfu embættis ríkislögreglustjóra er ekki tekin afstaða til þingsályktunartillögunnar.

F.h. RLS


Guðmundur Guðjónsson


Thelma Cl. Þórðardóttir

Alþingi
Erindi nr. P 139/76
komudagur 1.11.2010

RÍKISSAKSÓKNARI

Reykjavík 1. nóvember 2010

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar ríkissaksóknara um þingsályktun um rannsókn á Íbúðalánasjóði, 22. mál. Ríkissaksóknari sér ekki ástæðu til að veita umsögn um þingsályktunina enda lýtur hún ekki að starfsviði embættisins.

Virðingarfyllst,


Valtýr Sigurðsson

Nefndarsvið Alþingis

Austurstræti 10

150 Reykjavík

Póstfang:
Hverfisgata 6
150 Reykjavík

Sími:
530-1600
Netfang:rsak@tmd.is

Bréfsími
530-1606

Kennitala:
530175-0229



Alþingi
Eriandi nr. P 139/242
komudagur 15. 11. 2010

11. nóvember 2010
SI-67676

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á Íbúðalánasjóði, 22. mál á 139. löggjafarþingi.


Með tölvubréfi dags. 28. október 2010 óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda þingsályktun.


Tillagan felur í sér að fram fari sjálfstæð og óháð rannsókn á starfsemi Íbúðalánasjóðs frá aðdraganda breytinga á fjármögnun og lánareglum sjóðsins sem hrint var í framkvæmd á árinu 2004. Í kjölfar þessarar rannsóknar fari síðan fram heildarendurskoðun á stefnu og starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Tillagan er fram komin vegna ályktunar rannsóknarnefndar Alþingis um að ein af stærri hagstjórnarmistökum í aðdraganda bankahruns hafi verið breytingar á fjármögnun og lánareglum Íbúðalánasjóðs.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Guðmundur Kr. Tómasson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 139/243
komudagur 15.11. 2010



Allsherjarnefnd
b/t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. nóvember 2010.

Efni: Tillögur til þingsályktunar um rannsókn á íbúðalánsjóði (22. mál), rannsókn á ákvörðunum stjórnvalda vegna innstæðna Landsbanka Íslands á Evrópska efnahagssvæðinu (5. mál) og rannsókn á einkavæðingu bankanna (16. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreindar tillögur sem fela í sér rannsókn vegna mismunandi þátta í aðdraganda eða kjölfar hruns fjármálakerfisins.

Ofangreindar tillögur eru lagðar fram sem svar við tortryggni og efasemdum vegna atburða í aðdraganda og kjölfar hruns fjármálakerfisins. Hér verður fjallað um tillögurnar saman enda tengjast þær allar á einhvern hátt hruninu og atburðum í kringum það.

Tillögurnar eru lagðar fram í kjölfar niðurstaðna og ályktana rannsóknarnefndar Alþingis og finna má í skýrslu hennar. Vissulega verður sá lærdómur sem fæst út úr slíkum rannsóknum mikilvæg vitneskja þegar fram í sækir. Ekki verður það rengt að margt átti sér stað á síðustu árum sem ástæða er að koma í veg fyrir að endurtaki sig og því mikilvægt að gerð sé grein fyrir þeim mistökum. Hins vegar er meiri þörf á að hugsa um það sem framundan er, en ekki rýna eingöngu í því sem gerst hefur, hvernig og afhverju.

Ekki má það endurtaka sig að stöðnun verði, hvort sem litið er til stjórnvalda eða annarra þátta samfélagsins, meðan beðið er eftir niðurstöðu rannsókna, líkt og gerðist þegar beðið var skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis síðastliðið vor. Vel þarf að gæta þess að rannsókn hafi ekki áhrif á framþróun mála meðan á henni stendur.

Sé það niðurstaða nefndarinnar að þörf sé á að rannsaka þau atriði sem ofangreindar tillögur kveða á um er nauðsynlegt að sátt ríki um þá rannsókn. Með rannsóknum sem þessum er leitast við að varpa ljósi á ákveðna atburði og eyða þeirri tortryggni sem einkenna umhverfið í dag. En til þess að unnt sé að eyða umræddri tortryggni og byggja traust á niðurstöðu slíkra rannsókna er nauðsynlegt að nefndin sé skipuð með þeim hætti að henni sé treyst.

Ofangreindar tillögur eiga það allar sammerkt að mælst er til þess að fengnir verði til verksins sjálfstæðir og hlutlausir aðilar. Full ástæða er til að skoða hvort ekki eigi að fá til verksins óháða erlenda aðila sem taka á þáttum þeim sem þarf að rannsaka og með von um að sátt myndi ríkja um slíka rannsókn. Hægt væri að gera rannsóknir á rannsóknir ofan um ókomna tíð um öll þau atriði sem tortryggni ríkir um og draga þarf fram í dagsljósið, en það er til einskis ef niðurstöðu slíkra rannsókna er ekki treyst.

Virðingarfyllst,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands